



Framkvæmda- fréttir 25. tbl. /07



4000 vegagerðarmenn hittust á PIARC í París

Alþjóðavegasambandið PIARC varð til árið 1909 í kjölfar fyrstu alþjóða vegamálaráðstefnunnar sem haldin var í París árið 1908. Þar sem PIARC ráðstefnur eru haldnar á fjögurra ára fresti var í raun verið að halda upp á 100 ára afmælið á 23. ráðstefnunni sem haldin var í París 17. til 21. september sl. PIARC er ópólítískt samband og skilar ekki hagnaði en tilgangurinn er margþættur.

Tilgangurinn er meðal annars að skipuleggja alþjóðlegar samkomur þar sem rædd eru og skilgreind öll mál er snerta vegi og samgöngur. Að þekkja, þróa og dreifa upplýsingum um vegagerð eins og hún gerist best. Að fylgjast sérstaklega með þörfum þróunarlanda. Og að þróa og kynna öflug tól til að auðvelda ákvarðanatöku innan vegagerða og samgöngu-fyrirtækja.

Til þess að ná þessum markmiðum er haldið úti fjölda tækninefnda sem vinna að margbreytilegum þáttum er snúa að samgöngum, stór ráðstefna er haldin á fjögurra ára fresti og einnig stór ráðstefna um vetrarþjónustu auk fjölda smærri

ráðstefna og funda á vegum tækninefndanna.

Á hverju fjögurra ára tímabili eru lagðar meginlínur og samþykkt var í París að leggja áhersluna næstu fjögur ár á:

- rekstur og viðhald vegakerfa
- bætta þjónustu
- gæði vega

Íslenski básinn

Til Vegagerðarinnar berast á hverri stundu gífurlegt magn upplýsinga um vegakerfið. Mældur er umferðarþunginn á fjölmörgum stöðum um land allt, veðurupplýsingar berast frá mörgum tugum veðurstöðva, mælar liggja víða í vegum sem mæla frost og raka og svo mætti lengi telja.

Á PIARC ráðstefnunni í París sýndi Vegagerðin ásamt verkfræðistofunum Samrás og Samsýn og ND á Íslandi eina framtíðarsýn í þessum efnum. Með aukinni notkun leiðsögukerfa í bílum og nýrri tækni verður auðveldara að koma upplýsingum til vegfarenda meðan þeir eru á ferðinni. Einnig

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 25. tbl. 15. árg. nr. 479 8. okt. 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

horfir Vegagerðin til þess að geta spáð fyrir um þungatakmarkanir á vegi. Markmiðið er að með samspili upplýsinga frá frostmælum í vegum og veðurspá munu flutningsaðilar geta skipulagt ferðir sínar með meiri fyrirvara um þungatakmarkanir en nú er hægt.

Vegagerðin safnar miklu magni upplýsinga með myndavélum, veðurstöðvum, könnun vegagerðarmanna á svæðunum, með frostmælum, með umferðarmælum og fleiru. Þannig eru til margháttaðar upplýsingar um umferðarpunga, umferðarhraða, hálfku, hálkubletti, frost í vegi og svo framvegis.

Þessum upplýsingum ásamt upplýsingum um framkvæmdir, slys, hraða, hættulega staði, áhugaverða staði, þungatakmarkanir og svo framvegis má koma til vegfarenda í auknum mæli í framtíðinni í gegnum leiðsögukerfi og auðvelda mönnum þannig að komast leiðar sinnar. Velja aðra leið en ella, eða einfaldlega hætta við ferð vegna ástandsins.

Allar þessar upplýsingar eiga þannig að geta hjálpað vegfarendum á leið sinni og draga úr slyshættu.

Svona upplýsingakerfi getur tengst ökuritum og góðakstri. Flutningsaðilar fá í sífellu upplýsingar um flutningabíla, staðsetningu og svo framvegis og þess vegna hraða og þunga. Þá fær bílstjórinn einnig upplýsingar um vegakerfið, um umferð, þungatakmarkanir eða slys og getur hagað áætlun sinni í samræmi við það. ■




Héðinsfjarðargöng

Vinna við gröft Héðinsfjarðarganga frá Siglufirði gekk vel í viku 39. Lengd ganga þeim megin frá er nú um 2.567 m og lengdust göngin þar um 60 m í vikunni. Ólafsfjarðarmegin var hins vegar að mestu unnið við bergþéttingar í vikunni og einungis sprengdir 3 m. Lengd ganga þeim megin er því um 1.805 m.

Samanlögð lengd ganga er nú um 4.372 m sem er 41,3% af heildarlengd.

Nýtt tæki

Myndirnar sýna niðurrekstur stoða undir víravegrið á Þverárfjallsvegi við Sauðárkrók. Vegriðið skilur á milli akbrautar og göngustígs. Tækið sem þarna var í notkun er í eigu Rekverks ehf. Stefán Ö. Reynisson eftirlitsmaður Vegagerðarinnar á Sauðárkróki tók þessar myndir.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 2. okt. 2007. Búið er að sprengja 2.567 m í Siglufirði og 1.805 m í Ólafsfirði.

Rannsóknir Vegagerðarinnar 2007, ráðstefna á Hótel Nordica

Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu sinni 2. nóvember á Hótel Nordica. Þetta er í sjötta sinn sem rannsóknaráðstefnan er haldin. Kveðið var á í vegalögum að 1% af mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna til rannsóknar- og þróunarstarfs og er ráðstefnunni ætlað að endurspeglar afrakstur hluta þess starfs. Skráning fer fram á vefnum www.vegagerdin.is og lýkur 30. október !

08:00-09:00 Skráning
09:00-09:15 Setning (*Þórir Ingason, Vegagerðin*)

Mannvirki

09:15-09:30 Hönnun hljóðvarna í þéttbýli: viðhorf til sjónrænnar upplifunar (*Kristín Þorleifsdóttir, Hornsteinar arkitektar*)
09:30-09:45 Steinsteypunefnd í 40 ár (*Hákon Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Rb*)
09:45-10:00 Grænt asfalt (*Sigursteinn Hjartarson, Vegagerðin*)
10:00-10:15 Kvörðun frostdýptarmæla út frá falllódsmælingum á vegum (*Skúli Þórðarson, Vegsýn*)
10:15-10:45 **Kaffi**
10:45-11:00 Skráning vettvangsupplýsinga í handtölvu (*Haukur Garðarsson, Hafsjór*)
11:00-11:10 Umræður og fyrirspurnir

Umferð

11:10-11:25 EuroRAP og umhverfi vega (*Ólafur Kr. Guðmundsson, FÍB*)
11:25-11:40 Útafakstur og bílveltur (*Sævar Helgi Lárusson, Rannsóknanefnd umferðaslysa*)
11:40-11:55 Óhappatíðni í beygjum og langhalla (*Haraldur Sigþórsson, Línuhönnun og Einar Pálsson, Vegagerðinni*)
11:55-13:00 **Matur**
13:00-13:15 Ferilgreining, þungaálag og þungaskattur (*Björn Ólafsson, Vegagerðin*)
13:15-13:30 Vettvangsskráning (*Ásbjörn Ólafsson, Vegagerðin*)
13:30-13:45 Aldraðir í umferðinni (*Dagbjört H. Kristinsdóttir, Slysavarnarfélagið Landsbjörg*)
13:45-13:55 Umræður og fyrirspurnir

Umhverfi og samfélag

13:55-14:10 Svifryksmengun í Reykjavík (*Þorsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun*)
14:10-14:25 Tengsl umferðar við styrk svifryksmengunar (*Þröstur Þorsteinsson, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands*)
14:25-14:40 Landris og eldvirkni vegna rýmnar Vatnajökuls:
Áhrif á hönnun mannvirkja og vegakerfis (*Freysteinn Sigmundsson, HÍ*)
14:40-14:55 Volcanogenic hazards and resultant risks to road systems and infrastructure: preliminary assessments at Snæfellsjökull (*Kate Smith, HÍ*)
14:55-15:25 **Kaffi**
15:25-15:40 Könnun á hegðun Skaftárhlaupa með mælingum á hita og vatnsborði í Skaftárkötlum (*Þorsteinn Þorsteinsson, Orkustofnun*)
15:40-15:55 Katla: Könnun á kostnaði við landsamgöngur í kjölfarið á umbrotum (*Árni Jónsson, Orion*)
15:55-16:10 Leiðbeiningar Vg. fyrir skipulagshöfunda (*Smári Johnsen, VSÓ*)
16:10-16:25 Ferðamenska við Laka (*Anna Dóra Sæþórsdóttir, HÍ*)
16:25-16:40 Áhættu- og áfallapólgreining vegakerfisins í Reykjavík (*Böðvar Tómasson, Línuhönnun*)
16:40-16:55 Mannvirki og loftslagsbreytingar (*Þorsteinn I Sigfússon, Nýsköpunarmiðstöð Íslands*)
16:55-17:05 Umræður og fyrirspurnir
17:05- **Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar**



Samtals er búið að sprengja 4.372 m sem er 41,3% af heildarlengd.

Niðurstöður útboða

Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki – Hringvegur 07-008


Tilboð opnuð 2. október 2007. Endurbygging 0,6 km kafla Miðfjarðarvegur (704) frá Laugarbakka að Hringvegi.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	17.050 m ³
Neðra burðarlag	3.450 m ³
Efra burðarlag	1.460 m ³
Tvöföld klæðing	6.220 m ²
Frágangur fláa	17.100 m ²
Ræsalögn	88,5 m
Bitavegríð	130 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2008

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
6 Vegamenn ehf., Reykjavík	27.982.050	169,5	14.587
5 Fjörður ehf., Varmahlíð	19.145.150	116,0	5.750
4 Ýtan ehf., Reykjavík	17.964.800	108,8	4.570
3 Ístrukkur ehf., Kópaskeri	17.446.860	105,7	4.052
--- Áætlaður verktakakostnaður	16.505.409	100,0	3.110
2 Allt-verk, Flutningar ehf. og Borgarverk ehf.	13.982.000	84,7	587
1 Guðmundur Vilhelms-son, Hvammstanga	13.395.240	81,2	0



Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki – Hringvegur (1)


Hér eru birtar niðurstöður útboðs á 0,6 km kafla Miðfjarðarvegur (704) frá Laugarbakka að Hringvegi (1).

Verkið felst í nýbyggingu Miðfjarðarvegur og lagningu klæðingar á veginn. Einnig er um að ræða gerð framhjá-hlaups á Hringvegi á mótis við vegamótin.

Á miðfylgjandi loftmynd má sjá að lega vegamótanna skánar til mikillar munar miðað við það sem nú er.

Loftmynd: Lofmyndir ehf.





Auglýsingar útboða

Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes 07-070

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að endurbyggja Eyjafjarðarbraut vestri á um 4,1 km. kafla milli Sólgarðs og Nes.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	14.700 m ³
Neðra burðarlag	18.800 m ³
Efra burðarlag	6.450 m ³
Stálröraræsi	183 m
Tvöföld klæðing	28.500 m ²
Frágangur fláa	41.500 m ²
Girðingar	800 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 01. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 8. október 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 23. október 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Upplýsingar um skriður

Starfsmenn Akureyrarseturs Náttúrufræðistofnunar Íslands, jarðfræðingarnir Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson, safna upplýsingum um skriðuföll á Íslandi. Þeir þiggja gjarnan upplýsingar um skriður og grjóthrun sem falla, hvar sem er á landinu, hvort sem þau falla yfir vegi eða ekki.

Sími Akureyrarseturs N.Í. er 460 0500 en einnig geta menn sent upplýsingar á netföngin hgp@ni.is og hoski@ni.is

Höskuldur Búi

Niðurstöður útboða

Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Hvítárdalur – Foss 07-030



Tilboð opnuð 2. október 2007. Endurlögn 5,1 km kafla Skeiða- og Hrunamannavegar, frá slitlagsenda neðan við Hvítárdal að Fossi.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	60.000 m ³
Efnisvinnsla	20.000 m ³
Fylling	56.090 m ³
Fláafleygar	27.670 m ³
Neðra burðarlag	24.000 m ³
Efra burðarlag	6.675 m ³
Tvöföld klæðing	41.130 m ²
Ræsalögn	225 m
Girðingar	19 km
Frágangur fláa	97.820 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
11	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	234.000.000	143,1	117.105
10	Heimir og Þorgeir hf., Garðabæ	232.800.000	142,4	115.905
9	Heflun ehf., Hellu	211.546.500	129,4	94.652
8	Gröfutékní ehf., Flúðum	190.554.400	116,5	73.660
7	Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	171.920.850	105,2	55.026
---	Áætlaður verktakakostnaður	163.500.000	100,0	46.605
6	Vélgrafan hf., Selfossi og Borgarverk ehf., Borgarnesi	161.190.350	98,6	44.296
5	Suðurverk hf., Hafnarfirði	158.267.272	96,8	41.372
4	Klæðning ehf., Hafnarfirði	140.000.000	85,6	23.105
3	Vegamenn ehf., Reyjavík og Bílar ehf.	137.623.700	84,2	20.729
2	Sigurjón Á. Hjartarson Brjánsstöðum	136.559.250	83,5	19.664
1	Borgarvirki ehf. Kópavogi	116.894.810	71,5	0



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-091 Auðsholtsvegur (340), um Syðra Langholt	07
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	07
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	07
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	07
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur	07
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	07
07-086 Strandavegur (643), Djúpvogur - Drangnesvegur	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-012 Skagavegur (745), snjóstaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	08.10.07	23.10.07

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss	17.09.07	02.10.07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	17.09.07	02.10.07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottárskriður	27.08.07	11.09.07
07-081 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðfjarðarvegur (92)	30.07.07	14.08.07
07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn	30.07.07	14.08.07
07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07

Útboð á samningaborði, framhald Auglýst: Opnað:

07-079 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur	30.07.07	14.08.07
07-078 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Djúpvogur - Höfn	30.07.07	14.08.07
07-077 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn - Örnefi	30.07.07	14.08.07
07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell	30.07.07	14.08.07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07

Samningum lokið Opnað: Samið:

07-075 Göngubrú á Hítará, smíði stáls <i>Goðatún ehf.</i>	04.09.07	26.09.07
06-029 Skorradalssvegur (508), Grund - Hvammur <i>Þróttur ehf.</i>	28.08.07	26.09.07
07-072 Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87) 2007-2010 <i>Vinnuvélar Reynis</i>	31.07.07	24.09.07
07-074 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010 <i>Vinnuvélar Reynis</i>	31.07.07	24.09.07
07-073 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls. 2007-2010 <i>Jón Ingi Hinriksson</i>	31.07.07	31.08.07

Forvali lokið

07-062 Óshlíðargöng, forval

Útboð fellt niður

07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar

Forvali lokið

Óshlíðargöng, forval 07-062

Forval á verktökum vegna gerðar Óshlíðarganga var auglýst 18. júní sl. og var skilafrestur til 7. ágúst. Með bréfi 3. september var eftirtöldum fjórum verktökum og verk-takasamsteypum gefinn kostur á að bjóða í verkið.

Íslenskir aðalverktakar hf, Reykjavík
Marti Contractors Ltd, Sviss

Metrostav a.s., Tékkland
Háfell ehf, Reykjavík

Ístak hf, Reykjavík

Leonhard Nilsen & Sønner As, Noregur
Héraðsverk ehf, Egilsstaðir

Unnið er að lokahönnun verksins og gerð útboðsgagna og er gert ráð fyrir að ofangreindum aðilum verði send útboðsgögn í nóvember.